

Mál nr. 206 /2018**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar torfærutækis.****Maður varð fyrir meiðslum við gangsetningu torfærutækis.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.6.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.7.2018.

Málsatvik.

Að morgni 10. október 2017 var M að gangsetja torfærutæki (sexhjól) í eigu föður síns. Þar sem startari hjólsins var bilaður hafi hann þurft að nota varagangsetningarbúnað sem er handfang með tógi („sláttuvélaaðferðin“). Þegar hann hafði dregið tógið um hálfu leið út og þar með snúið vél hjólsins þá „sló það hraustlega á móti, sem kallað er“, og dróst tógið til baka með „duglegum“ togkrafti. M kveðst margoft hafa gangsett tækið með þessum hætti með góðum árangri.

M leitaði til læknis 19. janúar 2018 og greindist þá með töluverða áverka á „rotator cuff“ sinum og vöðvum. Gekkst hann af þessum sökum undir aðgerð hjá bæklunarlækni 20. mars 2018.

M kveður slysið mega rekja til notkunar torfærutækisins og með vísan til ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hefur hann krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hann hlaut við atvikið úr lögboðinni ábyrgðartryggingu tækisins hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

Gerð er krafa um viðurkenningu á bótarétti úr lögboðinni ábyrgðartryggingu torfærutækisins sem M var að gangsetja þegar slysið varð. Í tjónstilkynningu vegna atviksins, sem er undirrituð af M, segir að hann hafi verið ökumaður (stjórnandi) tækisins umrætt sinn. Hann var því að gangsetja tækið sem stjórnandi þess, jafnvel þótt hann hafi ekki setið í ekkilssæti meðan á gangsetningunni stóð. Hin hlutlæga bótaábyrgðarregla sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga getur ekki tekið til stjórnanda hins ábyrgðartryggða ökutækis sem hér á í hlut. Þótt startari tækisins hafi verið bilaður verður ekki talið, eins og hér stóð á, að slysið megi rekja til atvika sem eigandi tækisins getur borið skaðabótaábyrgð á gagnvart M eftir almennum reglum. Þegar af þessum ástæðum getur M ekki átt rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu torfærutækisins. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu torfærutækis hjá V.

Reykjavík, 14. ágúst 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.